

Ágæta sveitarstjórn.

Innviðaráðuneytið hefur ýtt úr vör vinnu við endurskoðun [stefnumótandi áætlunar í málefnum sveitarfélaga](#) þar sem fyrsta skrefið er gerð grænbókar um málefnið.

Í grænbók birtist stöðumat á helstu [lögbundnu verkefnum](#) og öðrum viðfangsefnum sveitarfélaga og greiningu áskorana og tækifæra, sem lagt verður til grundvallar endurskoðun stefnu og aðgerðaáætlunar í málaflokknum.

Óskað er eftir því að sveitarfélögin svari eftirfarandi spurningum fyrir 21. september nk.

Athygli er vakin á því að ekki verður vitnað í einstaka svör sveitarfélaga í grænbókinni heldur er hvert innlegg mikilvægur þáttur í því að draga fram heildarmynd um stöðu, áskoranir og tækifæri sveitarstjórnarstigsins.

Óskað er eftir að umfjöllunin sé greinargóð en hnitmiðuð og byggji á tiltækum upplýsingum, reynslu og framtíðarsýn sveitarfélagsins.